

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 12.09.2019
Tilv. 2019/0602 - 0.3.01
ÞAÁ

Efni: Umsögn Neytendastofu um drög að frumvarpi til laga um íslensk landshöfuðlén.

Neytendastofa vísar til tölvupóst, dags. 30. ágúst 2019, þar sem óskað var eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um íslensk landshöfuðlén.

Í 3. mgr. 10 gr. frumvarpsins kemur fram:

„Skráningarstofu er heimilt að læsa léni undir íslensku landshöfuðléni ef mál er til meðferðar hjá Neytendastofu eða öðrum stjórnvöldum. Beiðni um læsingu léns skal koma frá viðkomandi stjórnvaldi.“

Neytendastofa vill benda á skv. núverandi framkvæmd getur aðili máls ef mál er til meðferðar hjá stofnuninni, sem varðar rétt til léns, óskar eftir læsingu á léninu hjá skráningarstofu á meðan meðferð málsins stendur. Hefur sú framkvæmd reynst vel þegar mál eru til meðferðar hjá stofnuninni. Neytendastofa telur að beiðni um læsingu á léni geti falið í sér stjórnvaldsákvörðun og þar sem stofnunin hefur ekki heimild til að taka bráðabirgðaáákvæðanir mun stofnunin ekki geta nýtt slíkt úrræði án undangenginnar stjórnslumeðferðar máls áður en niðurstaða liggur fyrir.

Neytendastofa telur því m.v. framangreint að breyta þurfi ákvæðinu þannig að beiðni um læsingu léns komi ekki frá stjórnvaldinu heldur aðila máls.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri